

Sp. **846. Nefndarálit** [116. mál]

um till. til þál. um aukna hagnýtingu innlendra byggingarefna og hagkvæmni við byggingarframkvæmdir.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin fékk umsagnir um tillöguna frá Húsnæðisstofnun ríkisins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og átti auk þess fund með síðarnefndu stofnuninni um málið.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingum, sem flutt verður tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. maí 1981.

Eggert Haukdal,
form.

Magnús H. Magnússon,
frsm.

Garðar Sigurðsson,
fundaskr.

Halldór Ásgrímsson.

Egill Jónsson.

Ólafur Þ. Þórðarson.

Friðrik Sophusson.